

Nafnasamkeppni

Margir hafa tekið eftir framkvæmdum við austurhlið skólans. Þar eru komnar tröppur og verið er að helluleggja stórt plan þar fyrir framan. Þetta svæði mun nýtast við útikennslu í ýmsum greinum. Þarna er afar skjólsælt og líklega einn heitasti staðurinn á höfuðborgarsvæðinu.

Nú þarf að finna nafn á þetta svæði og efnum við til nafnasamkeppni. Samkeppnin er opin nemendum, aðstandendum þeirra og starfsmönnum. Senda skal hugmynd að nafni á netfangið fg@fg.is fyrir 5. október næstkomandi. Verðlaun í boði.



Enn um björkvöld

Eins og kom fram í síðustu [FG-fréttum](#) þá stendur skólinn ekki fyrir björkvöldum. Nemendafélaginu er ekki heimilt að standa fyrir slíkum samkomum og ekki má auglýsa slíka uppákomur innan skólans.

Engu að síður eru þessi björkvöld haldin og afleiðingar þeirra koma inn á okkar borð. Ég hvet foreldra nemenda til að koma í veg fyrir að þeirra ungmenni fari á slíkar skemmtanir. Á slíkum kvöldum er lítið eða ekkert eftirlit og áfengi veitt þeim sem það vilja. Það vekur furðu okkar að staðarhaldarar skuli ítrekað leigja sali undir slíkar uppákomur.

EF þið eruð í vafa hvort atburður er á vegum skólans getið þið haft samband við skólann. Einnig er listi á heimasíðu skólans þar sem fram koma [atburðir á vegum NFFG](#).

Utanlandsferðir nemenda

Það hefur færst í vöxt að nemendur, eða foreldrar þeirra, sækja um leyfi vegna utanlandsferða. Við það er í sjálfu sér ekkert að athuga. Íslendingar ferðast mikið og ekki ástæða til að amast við því ef þess er gætt að nemendur lendi ekki í erfiðleikum í námi og geti unnið upp það sem þeir fara á mis við.

Nauðsynlegt er að sækja um leyfi til skólaráðs og eru persónulegar ferðir afgreiddar þannig að endanleg afgreiðsla er í lok annar. Þannig að ef nemandinn mætir að öðru leyti mjög vel á önninni þá er leyfið veitt en annars ekki.

Mikilvægt er að gæta hófs. Það eru fáir nemendur sem ráða við að missa meira en eina viku úr skólanum. Jafnvel þótt leyfi séu veitt getur nemandi hæglega lent í vandræðum í námi ef hans missir úr marga daga. Skólasókn er þegar upp er staðið aðeins leið að markmiði en hefur ekkert sjálfstætt markmið. Það er námið sem á að fara fram í skólanum sem skiptir máli. Nemandi sem er oft í burtu er alltaf í meiri hættu við að lenda í vandræðum en aðrir.

Veikindi og veikindatilkynningar

Talsvert hefur verið um veikindi í haust. Það á jafnt við um starfsmenn og nemendur. Það er mikilvægt að veikindi séu tilkynnt til skólans og í samræmi við reglur skólans um veikindi. Í skólanum eru yfir 700 nemendur og því eðlilegt að samræmdar reglur gildi um veikindi og þeim sé framfylgt.

Reglur um skólasókn má sjá á blaði tvö og reglur um veikindi og veikindatilkynningar á blaði þrjú. Jafnframt eru allar þessar reglur birtar á [heimasíðu skólans](#).



Skólasóknarreglur FG

1. Sækja skal allar kennslustundir stundvíslega.
2. Komi nemandi of seint í tíma fær hann skráða á sig seinkomu. Séu liðnar 15 mín. af kennslustund þegar nemandi mætir fær hann skráða á sig fjarvist.
3. Veikindi, samfelld í tvo daga eða skemur, lækka skólasóknarprósentu nemenda.
4. Veikindi skal tilkynna hvern veikindadag fyrir kl. 11:00 og staðfesta skriflega ef um veikindi lengur en tvo daga er að ræða. Staðfestingin skal undirrituð af foreldri, öðrum forráðamanni eða lækni ef neminn býr enn í foreldrahúsum – og gildir þá einu þótt hann sé orðinn 18 ára. Ef það gengur ekki þarf annan fullorðinn einstakling til að votta veikindin. Ekki er hægt að skrá veikindi sem vara skemur en heilan skóladag.
5. Þrálát og/eða langvinn veikindi skal staðfesta með læknisvottorði sem skilað er á skrifstofu skólans. Slík vottorð skal endurnýja á hverju skólaári.
6. Skólasókn, að frádregnum staðfestum veikindum (þ.e. umfram tvo fyrstu daga veikinda), skal vera 87% hið minnsta. Að öðrum kosti eiga nemendur ekki vísa skólavist á næstu önn. Sé skólasókn undir 87% í lok annar getur skólinn ákveðið að bjóða nemendum skólasóknarsamning á næstu önn með skilyrðum um betri skólasókn en almennar reglur segja til um. Sé skólasókn ábótavant er veitt skrifleg áminning.
7. Fari skólasókn niður fyrir 85% má vísa nemandanum úr skóla.
8. Ein fjarvist jafngildir einu fjarvistarstigi.
9. Seinkoma jafngildir 0,5 fjarvistarstigum.
10. Einkunnir fyrir skólasókn:

97,5 – 100% = 10 ein eining

95,5 – 97,4% = 9 ein eining

93,5 – 95,4% = 8

90,5 – 93,4% = 7

88,5 – 90,4% = 6

86,5 – 88,4% = 5

84,5 – 86,4% = 4

81,5 – 84,4% = 3

79,5 – 81,4% = 2

<79,4% = 1

Nemendur sem stríða við langvinn veikindi þurfa að skila læknisvottorði á hverju skólaári. Tekið er sérstakt tillit til þrálátra veikinda. Einnig er tekið sérstakt tillit til nemenda sem verða mikið veikir eða þurfa að fara oft til læknis. Það er fólgið í því að nemendur geti sótt um niðurfellingu veikinda í síðustu kennsluviku annar þannig að skólasókn þeirra verði endurskoðuð með tilliti til skráðra veikinda og/eða læknisheimsókna. Þetta er eingöngu gert ef skólasókn nemenda er að öðru leyti óaðfínanleg. Miðað er við að gengið sé frá öllum málum varðandi skólasókn við lok viðkomandi annar.

Mjög mikilvægt er að nemendur og forráðamenn fylgist vel með mætingum til að komast hjá því að fá áminningu, brottvísun og/eða höfnun á skólavist á næstu önn. Nemandi sem ekki nær 87% skólasókn á ekki vísa skólavist á næstu önn. Slík skólasókn gæti jafngilt því að nemandinn væri fjarverandi um tvær vikur á önninni. Nemanda sem mætir minna en 85% er heimilt að vísa úr skóla.

Allir forráðamenn nemenda yngri en 18 ára fá aðgang að upplýsingakerfinu INNU. Þar er tækifæri til að fylgjast með skólasókninni og mikilvægt að hafa samband við skólann sem fyrst ef eitthvað er óljóst.

Nemendur sem mæta vel geta unnið sér inn námseiningar. Nemendur sem fá 9 eða 10 í skólasókn fá eina einingu á önn, að því tilskildu að raunmæting sé yfir 89%, sem fer í val á öllum námsbrautum. Nemandi sem mætir mjög vel í fjögur ár fær þannig 8 einingar í val fyrir það eitt að mæta; auk þess sem hann nær líka oftast betri árangri í námi.

Ef nemendur þurfa leyfi frá kennslustundum skal sækja um það til skólaráðs. Leyfi vegna keppni eða ferðar á vegum íþróttafélags er veitt ef staðfesting frá þjálfara liggur fyrir. Ef nemendur þurfa leyfi vegna annarra ferða er það skoðað og síðan afgreitt í lok annar á þann hátt að ef skólasókn er óaðfínanleg að öðru leyti er leyfið veitt í flestum tilfellum.

Leyfi vegna jarðarfara og kistulagningar er veitt eftir að fyllt hefur verið út eyðublað þar að lútandi sem fæst á skrifstofu skólans.

Skili nemandi inn staðfestingu á fjarvist sinni t.d. ef hann fer til tannlæknis, í ökuþróf eða sjúkraþjálfun fær hann skráða útskýrða fjarvist (T) þar sem fram kemur ástæða fjarvistar.

Ef nemendur vilja gera athugasemd við fjarvistaskráningu sína verða þeir að koma henni skriflega til viðkomandi kennara sem leiðréttir ef þörf krefur. Ekki er hægt að leiðrétta fjarvistir lengra aftur í tímann en sem nemur tveimur vikum og gildir þá einu hvort komið er með vottorði eða ekki.



Reglur um veikindi og veikindatilkynningar

- Veikindi, samfellt í tvo daga eða skemur, lækka skólasóknarprósentu nemenda.
- Veikindi skal tilkynna fyrir kl. 11:00 hvern veikindadag og staðfesta skriflega ef um veikindi lengur en tvo daga er að ræða.
- Staðfestingin skal undirrituð af foreldri, öðrum forráðamanni eða lækni ef neminn býr enn í foreldrahúsum – og gildir þá einu þótt hann sé orðinn 18 ára. Ef það gengur ekki þarf annan fullorðinn einstakling til að votta veikindin.
- Skila skal staðfestingu innan þriggja daga frá því að veikindum lýkur.
- Eyðublað til staðfestingar veikindum fæst á skrifstofu og heimasíðu skólans.
- Nemendur sem stríða við langvinn veikindi þurfa að skila læknisvottorði á hverju skólaári. Tekið er sérstakt tillit til þralátra veikinda.
- Nemendur geta sótt um niðurfellingu veikinda í síðustu kennsluviku annar þannig að skólasókn þeirra verði endurskoðuð með tilliti til skráðra veikinda og eða læknisheimsókna. Þetta er eingöngu gert ef skólasókn nemandar er að öðru leyti óaðfinnaleg.
- Endurskoðað og breytingar samþykktar í skólaráði 15.01. 2013.

[Eyðublað fyrir veikindatilkynningar](#)